

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn



UMHVERFISSTOFNUN  
Reykjavík 4. apríl 2016  
UST201602-283/K.S.J.  
10.04.03

### Efni: Lýsing. Tillaga að deiliskipulagi fyrir Úlfljótsvatn.

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa uppsveita Árnassýslu er barst 26. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar um lýsingu tillögu að deiliskipulagi fyrir Úlfljótsvatn.

Í upphafi lýsingar kemur fram að svæðið sem áætlað skipulag tekur til, er sameiginlegur séreignahlutur Bandalags íslenskra skáta og Skátasambands Reykjavíkur annars vegar og Skógræktarfélag Íslands hins vegar. Svæðið er samtals 1078 ha.

### Náttúruminjar

Umhverfisstofnun bendir á að Úlfljótsvatn er staðsett milli svæða á náttúruminjaskrá, þ.e. Þingvallavatns og Alviðru og Sogs. Auk þess er Þingvallavatn og vatnasvið þess verndað með lögum um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess nr. 85/2005.

Í náttúruminjaskrá kemur fram að Þingvellir eru einstæður sögustaður, landslag stórbrotið og fágætt að jarðfræðilegri gerð. Einnig kemur fram að Þingvallavatn er lífauðugt vatn í sigdal og að þar má m.a. finna fjögur afbrigði af bleikju. Um Alviðru og Sog sem liggja sunnan Úlfljótsvatns segir í náttúruminjaskránni að þar sé fjölbreyttur gróður og fuglalíf. Á náttúruminjaskrá er Sogið og 200 metra spilda beggja vegna frá ármótum Hvítár upp að Írafossvirkjun. Að mati Umhverfisstofnunar er gróðurfar og vatnalíf ofangreindra svæða samofið svæðinu við Úlfljótsvatn sem til stendur að deiliskipuleggja.

Umhverfisstofnun bendir á að fram kemur í lýsingu að votlendi er á svæðinu er nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd. Umhverfisstofnun bendir einnig á að skv. 61. gr. laga um náttúruvernd njóta stöðuvötn og tjarnir 1000 m<sup>2</sup> að stærð eða stærri sérstakrar verndar. Stofnunin bendir á að þótt rennsli sé um Úlfljótsvatn, þá kallast það vatn og er á skrá yfir stöðuvötn í viðauka 1 í skýrslu Náttúrufræðistofu Kópavogs frá 2003 um vistfræði og verndarflokkun íslenskra stöðuvatna. Einnig bendir stofnunin á að Úlfljótsvatn er 3,6 km<sup>2</sup> að stærð, og nýtur því sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga.

Umhverfisstofnun bendir á að í ofangreindri lýsingu er fjallað um minjavernd á svæðinu, en ekki er minnst á náttúruminjar. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að draga fram í deiliskipulagi náttúruminjar á svæðinu.

## **Verndarsvæði Þingvallavatns**

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að ofangreint skipulagstillögunsvæði er að hluta inni á verndarsvæði Þingvallavatns þ.e. frá Hagavík og yfir á eiðið milli Þingvallavatns og Úlfljótsvatns. Um verndarsvæði Þingvallavatns gilda lög um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess nr. 85/2006 og reglugerð um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns nr. 650/2006. Að mati Umhverfisstofnunar skal sýna mörk verndarsvæðis Þingvallavatns á deiliskipulagsupprætti áætlaðs deiliskipulags og taka tillit til ákvæða er gilda um verndarsvæðið.

## **Skógrækt**

Í lýsingu kemur fram að séreignarsvæði Skógræktarfélagssins eru 6,7 ha. Einnig kemur fram að stórt svæði er í sameiginlegt svæði skáta og skógræktar. Umhverfisstofnun bendir á að þar sem svæðið við Úlfljótsvatn er umlukið náttúruminum er mikilvægt að landslag verði skoðað þegar tegundir verða valdar til ræktunar á svæðinu. Umhverfisstofnun tekur undir það sem fram kemur í lýsingu að skipulagið fellur undir B flokk í 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum þar sem áætlun um nýrækt fer yfir 200 ha á svæði er nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. lag um náttúruvernd nr. 60/2013.

## **Votlendi**

Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess að votlendi á svæðinu verði ekki raskað, enda votlendi vistkerfi er nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

## **Umhverfisskýrsla**

Fram kemur í umhverfisskýrslu að á svæðinu séu ekki náttúruminjar er njóta sérstakrar verndar skv. 57. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Þarna á væntanlega að standa skv. 61. gr. laga um náttúruvernd. Umhverfisstofnun bendir á að fram hefur komið að votlendi er á svæðinu er nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd. Umhverfisstofnun bendir einnig á að skv. 61. gr. laga um náttúruvernd njóta stöðuvötn og tjarnir 1000 m<sup>2</sup> að stærð eða stærri sérstakrar verndar, þar af leiðandi nýtur Úlfljótsvatn sérstakrar verndar, sjá nánar ofangreint.

## **Skipulagsreglugerð**


Umhverfisstofnun bendir á að í skipulagsreglugerð nr. 90/2013. gr. 5.3.2.14. er fjallað um skipulag við vötn, ár og sjó. Þar kemur eftirfarandi fram: „Í þéttbýli skal lögð áhersla á að almenningur geti komist að og meðfram vötnum, ám og sjó eftir því sem hægt er á viðkomandi svæði. Við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Þó er heimilt að reisa samgöngumannvirki svo sem brýr og stíflur og fyrirhleðslur í tengslum við virkjanir fallvatna og varnir gegn ágangi sjávar og vatns nær vötnum, ám og sjó en 50 m.“

Að mati Umhverfisstofnunar skal því ekki gera ráð fyrir framkvæmdum nær Úlfljótsvatni en 50 m í væntanlegu deiliskipulagi.

## Skipulagsgerð

Umhverfisstofnun minnir á að í 68. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 kemur eftirfarandi fram í umfjöllun um gerð deiliskipulags: „Við gerð deiliskipulags á náttúruverndarsvæðum, á svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. og frummatsskýrslu framkvæmdaraðila vegna mats á umhverfisáhrifum skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og viðkomandi náttúruverndarnefnda.“

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Aðalbjörg B Guttormsdóttir  
Teymisstjóri